FESTA
Samfélagsábyrgð fyrirtækja

ÍSLENSKI FERÐAKLASINN
Iceland Tourism Cluster



**Á Lýsu - lýðræðishátíð mun Festa og Íslenski ferðaklasinn halda málþing á vegum Ábyrgrar ferðaþjónustu þar sem ætlunin er að ræða áhrif skemmtiferðaskipa á bæjarfélög, íbúa og atvinnulíf.**

Þar er ætlunin að:

- Kynna ólík sjónarmið um komu skemmtiferðaskipa til Íslands
- Draga fram kosti komu skemmtiferðaskipa fyrir samfélög um allt land
- Greina helstu áskoranir við komur skemmtiferðaskipa
- Ræða mögulegar lausnir á helstu áskorunum

---

**Málþingið mun fara fram í Hofi, Akureyri föstudaginn 7. september kl. 14:15-16:15.**

ÁBYRG
FERÐAÞJÓNUSTA

# Dagskrá 14.15-16.15

**Inngangur**
**Ketill Berg Magnússon**, Festu

**Skipin koma – hvað svo?**
**Þórný Barðadóttir,** sérfræðingur á Rannsóknamiðstöð ferðamála

**Það koma 100 skip í sumar**
**Daníel Jakobsson,** formaður bæjarráðs Ísafirði

**Orkuskipti skemmtiferðaskipa**
**Gnýr Guðmundsson,** sérfræðingur Landsneti

**Hvað græðum við á skemmtiferðaskipum?**
**Aníta Elefsen,** safnstjóri Síldarminjasafnsins á Siglufirði

**Pallborðsumræðu**

# Ábyrg ferðaþjónusta

Hvatningarverkefni um að íslensk ferðaþjónustufyrirtæki sammælist um um nokkrar skýrar og einfaldar aðgerðir um ábyrga ferðaþjónustu.

Tilgangur verkefnisins er að stuðla að því að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð sem styður við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir þjóðarinnar.

Frá upphafi árs 2017 hefur forsvarsfólk 320 fyrirtækja skrifað undir yfirlýsingu um Ábyrga ferðaþjónustu. Boðið var uppá 12 fræðsluviðburði fyrir fyrirtækin um fjóra þættir verkefnisins og skipulagað framsetningu gagna.

Verið er að kynna stöðuskýrslu um markmið þessara fyrirtækja og áhersla lögð á frekari þróun og nýsköpun á samfélagsábyrgð í ferðaþjónustu.

# Markmið verkefnis

Markmið hvatningarverkefnisins er að

- Styðja við ferðaþjónustufyrirtæki sem vilja vinna markvisst að sjálfbærni og samfélagsábyrgð.
- Setja fram skýr skilaboð frá ferðaþjónustufyrirtækjum um að þau vilji vera ábyrg.
- Fá sem flest ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi til að taka þátt.
- Draga fram dæmi um það sem vel er gert á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar í ferðaþjónustu.
- Vera hvatning fyrir ferðaþjónustufyrirtæki sem ekki eru byrjuð að huga að sjálfbærni og samfélagsábyrgð.
- Skipuleggja fræðsluviðburði þar sem fyrirtækin fá stuðning til að setja sér markmið, fræðast og bera saman bækur sínar um sjálfbærni og samfélagsábyrgð.
- Draga fram bestu aðferðir frá sambærilegum verkefnum erlendis frá.

ÁBYRG
FERÐAÞJÓNUSTA

# Yfirlýsing um ábyrga ferðaþjónustu

*Ferðaþjónustan á Íslandi er mikilvæg atvinnugrein sem getur stuðlað að langtíma velferð og góðum orðstír þjóðarinnar.*

*Í ferðaþjónustunni eru margar áskoranir sem snúa að samfélagsábyrgð fyrirtækja. Þar má telja aukinn ágang á náttúruna, að réttindi starfsfólks séu virt, að nærsamfélögin sem ferðamenn heimsækja fái sanngjarnan skerf af ávinningnum og ekki síst að öryggi ferðamanna sé tryggt og þeim veitt góð þjónusta.*

*Við undirrituð ætlum að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu með því að:*

1. *Ganga vel um og virða náttúruna.*
2. *Tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi.*
3. *Virða réttindi starfsfólks.*
4. *Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið.*

*Við munum setja okkur markmið um ofangreinda þætti, mæla og birta reglulega upplýsingar um árangur fyrirtækisins.*

*Reykjavík 10. janúar, 2017*

# Ávinningur fyrirtækja sem taka þátt

Með þátttöku í verkefninu geta ferðaþjónustufyrirtækin

- öðlast hagnýta þekkingu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð.
- átt auðveldara með að miðla upplýsingum um sína sjálfbærni og samfélagsábyrgð.
- verið í fararbroddi ferðaþjónustufyrirtækja sem vinna að sjálfbærni og samfélagsábyrgð
- sett vinnu sína um sjálfbærni og samfélagsábyrgð í markvissan farveg.
- haft áhrif á umræðuna um sjálfbærni og samfélagsábyrgð í ferðaþjónustu á Íslandi

# Hlutverk og verkaskipting

Framkvæmdaraðilar – Festa og Íslenski ferðaklasinn

- Skipuleggja verkefnið og sjá um verkefnastjórn, fjárhag og utanumhald
- Skipuleggja og boða til fræðsluviðburða
- Miðla upplýsingum um verkefnið og framgang þess

Samssarfsaðilar – Ferðamálastofa, SAF, Stjórnstöð ferðamála, Íslandsstofa, Höfuðborgarstofa, Markaðsskrifstofur landshluta, Safetravel

- Rýna verkefnið og leggja til áherslur
- Hvetja fyrirtæki til þátttöku

Bakhjarlar – Eimskip, Landsbankinn, Isavia, Gray line, Bláa lónið, Íslandshótel, Icelandair Group

- Fjárhagslegir bakhjarlar
- Hvetja til þátttöku í verkefninu

Þátttakendur – Ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi

- Taka þátt í verkefninu
- Deila upplýsingum og reynslu sinni
- Hvetja fleiri til að taka þátt

**Ganga vel um og virða náttúruna**

**Dæmi um markmið**

- Umhverfisstefna
- Loftslagsmarkmið
- Umgengismarkmið

**Tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi**

**Dæmi um markmið**

- Öryggisáætlun
- Siðareglur
- Gagnsæi þjónustu og verðs

ÁBYRG

FERÐAÞJÓNUSTA

**Virða réttindi starfsfólks**

**Dæmi um markmið**

- Virða kjarasamninga
- Tryggja þjálfun

**Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið**

**Dæmi um markmið**

- Versla í nærsamfélagi
- Greiða skatta og gjöld
- Virða menningu og sögu

# Dæmi um framsetningu á markmiðum

hey ICELAND

Gisting | Veitingar | Afþreying | Ferðir | **Um okkur**

- Um Hey Iceland
- Starfsfólk Hey Iceland
- Hafðu samband
- Fréttir
- Bæklingar
- Gjafabréf
- Ábyrg ferðaþjónusta
  - Sjálfbærnistefna
- Gistiflokkar
- Bókunarskilmálar
- Atvinna
- Saga Ferðaþjónustu bænda

## ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA

Hey Iceland tekur virkan þátt í mótun og þróun íslenskrar ferðaþjónustu og viðurkennir skyldur sínar og ábyrgð þegar kemur að því að leita framþróunar og lausna. Þess vegna leggjum við okkar af mörkum til þess að lágmarka þau áhrif sem við höfum á umhverfið og eigum í nánu samstarfi við aðra ferðaþjónustuaðila, félaga okkar, starfsmenn og samstarfsaðila.

Þegar þú velur Hey Iceland ýtir þú undir innlendan atvinnurekstur. Fyrirtækið var stofnað af bændum í Félagi ferðaþjónustubænda árið 1991 og er það enn í meirihlutaeigu félagsmanna, sem tryggir að hagnaður skilar sér aftur heim í hérað.

> *Kynntu þér sjálfbærnisstefnu Hey Iceland*

# Dæmi um framsetningu á markmiðum

## Umhverfisstefna ALP hf og ábyrg ferðaþjónusta.

ALP hf er leiðandi Bílaleiga á Íslandi sem hefur sérleyfi fyrir vörumerkin Avis, Budget og Payless. ALP fylgir ábyrgri umhverfisstefnu og vinnur að stöðugum umbótum til þess að draga úr umhverfisáhrifum sem rekstur bílaleigu getur haft í för með sér. Þetta gerir fyrirtækið með því að uppfylla lög og reglugerðir um umhverfismál og taka tillit til umhverfismála í allri starfsemi sinni.

Til stuðnings á þessu hefur ALP skrifað undir viljayfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu sem Íslenski ferðaklasinn og FESTA (miðstöð um samfélagsábyrgð) bera ábyrgð á.
Með viljayfirlýsingunni ásetur fyrirtækið sér að sýna samfélagslega ábyrgð með því að stuðla að því í öllum sínum rekstri að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð sem styður við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir þjóðarinnar.

Við undirrituninni einsetur ALP sér að:

## 1. Ganga vel um og virða náttúruna með því að:

- Stuðla að pappírslausum viðskiptum eftir fremsta megni.
- Vera frumkvöðlar í að rafmagnsvæða bílaflota – og er markaðsátak hafið því til stuðnings - Avis „ Í átt til framtíðar“
- Auka hlutfall umhverfisvænna bifreiða í bílaflotanum og þannig draga úr útblæstri C02
- Nota umhverfisvænar vörur þegar mögulegt er þar með talið að velja umhverfisvænar vörur til þrifa og viðhalds bifreiða.
- Flokka úrgang á starfsstöðvum.
- Leggja áherslu á góða umgengni við náttúru landsins með því að upplýsa og fræða viðskiptavini og starfsmenn um

# Sögur af samfélagsábyrgð

## ÍSLAND VERÐI TIL FYRIRMYNDAR Í SJÁLFBÆRRI FERÐAÞJÓNUSTU



*Elín Sigurveig Sigurðardóttir*

## MEÐ GULLMERKI Í UMHVERFISMÁLUM



*Berglind Viktorsdóttir*

# Sögur af samfélagsábyrgð

## HORFT TIL CO2 LOSUNAR VIÐ VAL Á BÍLUM



*Steingrímur Birgisson*

## ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA Í SÁTT OG SAMLYNDI VIÐ LANDSMENN



*Friðrik Árnason*

ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA

# Sögur af samfélagsábyrgð

UPPBYGGING SAMFÉLAGS Í GEGNUM ÁBYRGA FERÐAÞJÓNUSTU



STARFAR SAMKVÆMT ALÞJÓÐLEGUM MARKMIÐUM UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN




*Sara Sigmundsdóttir*

ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA

# Umræður

# Takk fyrir

ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA

### Samstarfsaðilar

SAF - Ferðamálastofa - Íslandsstofa Höfuðborgarstofa - Stjórnstöð ferðamála - Markaðsstofur landshlutanna – Safetravel

### Bakhjarlar

Icelandair, Grayline Iceland, Blue Lagoon, Eimskip, Isavia, Landsbankinn, Íslandshótel

### Verndari

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson

FESTA Samfélagsábyrgð fyrirtækja

ÍSLENSKI FERÐAKLASINN Iceland Tourism Cluster